

# Rafrænir reikningar

Námskeið fyrir endurskoðendur og bókara og aðra sem sinna fjármálum fyrirtækja eða stofnanna.



**Notkun rafrænna skjala við færslu bókhalds með áherslu á rafræna reikninga**

## Markmið námskeiðs:

Námskeiðið fjallar um rafræna reikninga sem byggðir eru á tækniforskriftum Staðlaráðs Íslands sem hafa verið innleiddar m.a. hjá Fjársýslu Ríkisins og Reykjavíkurborg. Námskeiðið miðast við endurskoðendur og bókara auk annarra sem koma að úrvinnslu og uppgjörum sem byggja á rafrænum reikningum.

Námskeiðið er í samstarfi við Icepro, nefnd um rafræn viðskipti.

## Lýsing:

Farið verður í gegnum eftirfarandi atriði:

- Mismunandi form rafrænna reikninga og notagildi þeirra.
- Markmið með nýjum stöðlum og samanburður við það sem áunnist hefur hingað til m.a. með EDI.
- Staðan í innleiðingum hér á landi og samhengið við það er er að gerast í Evrópu.
- Fjallað verður ítarlega um reglugerð 505/2013 sem kom út í júní síðastliðnum. Fjallað er um þær kröfur sem hún gerir við notkun rafrænna skjala, markmið hennar og hvaða áhrif hún ætti að hafa á notkun rafrænna skjala í viðskiptum.
- Fjallað um helstu leiðir til að uppfylla formkröfur rafrænna skjala.
- Umræður um helstu vandamál og viðfangsefni við notkun rafrænna reikninga.
- Umræður um tækifæri sem rafræn viðskipti geta opnað fyrir endurskoðunar og bókhaldsfyrirtæki.
- Farið verður yfir hvaða möguleikar eru til að víkja kerfisbundið frá formlegum skilgreiningum til að koma til móts við sérstakar þarfir í reikningameðferð.

Leiðbeinandi á námskeiðinu er Georg Birgisson. Hann tók þátt í vinnuhópi við gerð reglugerðar 505/2013 og annaðist ritun tækniforskrifta Staðlaráðs fyrir rafræna reikning o.fl. Auk þess hefur hann starfað fyrir Staðlanefnd Evrópu við gerð þeirra skilgreininga sem tækniforskriftirnar byggja á og unnið sérverkefni á þessu sviði fyrir stjórnvöld nokkurra Evrópu landa.

## Tímasetningar:

Almenn námskeið verða:

- 7. nóvember 8:30 — 12:00
- 21. nóvember 8:30 — 12:00

## Staðsetning:

Kringlan 7, 7 hæð. Í húsnæði Icepro (Viðskiptaráð Íslands)

## Gjald:

29.000 kr. á þátttakanda á almennu námskeiði. Afslættir ef 4 eða fleiri frá sama aðila. Einnig er boðið upp á sérstök námskeið fyrir einstaka aðila.

## Skráning:

Senda skal tölvupóst á [skraning@midran.is](mailto:skraning@midran.is) til skráningar eða til að fá frekari upplýsingar.